





**Á eyðublaði þessu skal gerð grein fyrir hlutabréfakaupum starfsmanna hlutafélags samkvæmt kaupréttarsamningi sem gerður hefur verið samkvæmt samþykktri kaupréttaráætlun, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.**

Tekjur vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti skulu samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skattlagðar sem fjármagnstekjur samkvæmt c-lið 7. gr. laganna sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Kaupréttur að hlutabréfum eða hlutum í viðkomandi félagi hafi náð til allra starfsmanna. Hlutabréfum og hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félags.
2. Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu, sbr. lög nr. 3/2006, um ársreikninga.
3. Að lágmarki 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
4. Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hluti/hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag ef slík viðskipti hafa verið skráð í kauphöll. Ef slík skráning hefur ekki átt sér stað skal miða við gangverð eins og það er skilgreint í 9. gr.
5. Starfsmaður eigi hlutabréfin eða hlutina í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
6. Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur.
7. Hámark kaupa hvers starfsmanns sé samanlagt 600.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
8. Félag sem hefur í hyggju að veita starfsmönnum kauprétt hafi sent ríkisskattstjóra fyrir fram til staðfestingar áætlun um kauprétt starfsmanna ásamt upplýsingum um framangreind atriði í því formi sem hann ákveður, sbr. leiðbeiningar ríkisskattstjóra um áætlanir sem veita starfsmönnum rétt kauprétt á hlutabréfum og staðfestingu ríkisskattstjóra á þeim áætlunum sem finna má á vefsíðu ríkisskattstjóra **www.rsk.is**.

Í lok hvers árs skal senda ríkisskattstjóra upplýsingar um þá starfsmenn sem hafa nýtt kauprétt á árinu samkvæmt staðfestri áætlun ásamt upplýsingum um kaupverð bréfanna. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Tekjur samkvæmt 9. gr. laganna koma til skattlagningar þegar starfsmaður selur hlutabréfin. Teljast þær mismunur á upphaflegu kaupverði og söliverði þeirra. Sá mismunur telst ekki til rekstrarkostnaðar í skilningi 31. gr. laganna.

Kaup á hlutabréfum samkvæmt framansögðu veita ekki rétt til frádráttar frá tekjum samkvæmt 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.